

Læknisþjónusta á Íslandi er viðkvæm

Orri Þór Ormarsson

Höfundur er barnaskurðlæknir á Landspítala og í stjórn Læknafélags Íslands.



otormarsson@hotmail.com

Á Íslandi hafa gæði læknisþjónustu verið meiri en hægt er að búast við hjá þjóð af okkar stærð. Það hefur tekið áratugi að byggja hana upp og hefur uppbyggingin ekki orðið vegna frumkvæðis heilbrigðisyrfirvalda. Hún varð til fyrir tilstuðlan metnaðarfullra íslenskra lækna sem hafa með tengslum sínum við stór háskólasjúkrahús erlendis tryggt gæðin.

Gæði læknisþjónustu byggist á mörgum þáttum og mikilvægasti þátturinn eru læknarnir sjálfir.

Hvernig verða íslenskir læknar góðir?

Fyrst ber að nefna að í læknánám sækja duglegir og metnaðarfullir einstaklingar enda þarf töluvert að leggja á sig til þess að komast að í læknánám á Íslandi og klára það. Margt hefur verið sagt um ástæður þess að ungt fólk sækir í námið, en hverjar sem þær eru er ljóst að

alltaf þurfa að vera til staðar metnaður og dugnaður.

Að loknu námi heima fara flestir íslenskir læknar utan til að sækja sér frekari menntun og sérhæfingu. Þar sem almennt er góð reynsla af íslenskum læknum erlendis komast þeir að á góðum sjúkrahúsum, oftar en ekki á háskólasjúkrahúsum. Þessi reynsla af íslenskum læknum hefur byggst upp á mörgum árum. Áður fyrr var það ekki sjálfgefið að íslenskir læknar kæmust að á háskólasjúkrahúsum erlendis.

Flestir hafa svo komið heim að námi loknu, með mikilvæga reynslu og nýja þekkingu, sem nýtist í starfi, við uppbyggingu læknisþjónustunnar og ekki síst við kennslu læknanema og annarra heilbrigðisstétta.

Þannig er nokkurskonar hringrás í gangi. Vel menntaðir íslenskir læknar koma heim og tryggja bæði góða læknisþjónustu og gott læknánám á Íslandi sem aftur skilar frambærilegum læknum til náms erlendis. Þannig viðhelst sú góða reynsla af íslenskum læknum sem við þekkjum í dag. Þetta ferli er auðvelt að eyðileggja og gæti það niðurbrot þegar verið hafið. Sérfræðilæknar sem hér hafa starfað hverfa til starfa erlendis og það er lítil endurnýjun á íslenskum læknum erlendis frá.

Hvað gerist svo?

Hvað gerir þú ef þú getur ekki fengið þann besta til þín? Jú þú færð þann næstbesta og ef hann vill ekki koma þá færðu þann þriðjbesta. Þessi þriðjbesti gæti gefið af sér þriðjbestu kennslu sem völ er á. Við skilum af okkur verr menntuðum læknum til sérnáms erlendis, reynsla af íslenskum læknum versnar, verra verður fyrir þá að komast að á góðum spítölum og heim skila sér, ef koma heim yfirhöfuð, verr menntaðir læknar og læknánami á Íslandi hrakar enn frekar.

Hvað er til ráða?

Við getum sagt sem svo að við erum einungis 300.000 manna þjóð og ættum

því ekki að hafa sérstakar áhyggjur af því að vera með læknisþjónustu í samræmi við það, halda kjörum lækna niðri og fara áhyggjulaus í þann niðurávið-spíral sem við gætum þegar verið byrjuð í.

Hitt er að tryggja góð laun og starfsaðstöðu lækna, en ein af meginforsendum þess að viðhalda góðri heilbrigðisþjónustu er að laun lækna á Íslandi séu samanburðarhæf við önnur lönd. Þetta á sérstaklega við um grunnlaun lækna. Sú lenska að horfa á heildarlaun lækna, sem að stórum hluta eru tilkomin vegna vaktavinnu, verður að hætta.

Taka verður tillit til lengdar námsins og stutts starfsaldurs, flutninga milli landa og því sem snýr að fjölskyldunni, en oft kostar læknánám fórnir maka auk þess sem að börn geta oft lent í vanda með tungumál, vinatengsl og fleira.

Það verður að vera fjölþætt val um vinnustaði og starfsvettvang lækna. Algjörlega ríkisrekin læknisþjónusta er örugg leið til að minnka gæði og afköst hennar og það allra versta er ef íslenskir læknar missa trúna á og metnað fyrir læknisþjónustunni.

Gæði íslenskrar læknisþjónusta er ekki sjálfgefin, hún er á ábyrgð okkar lækna og tengist beint við kjör og starfsumhverfi lækna.

Það er okkar að standa vörn um hana.

Leiðrétting

Læknablaðið biðst velvirðingar á hafa farið rangt með nafn eins af nýkosnum stjórnarmönnum í Læknafélagi Reykjavíkur í júniblaðinu. Hið rétta er að í stjórn sitja nú: Steinn Jónsson formaður, Reynir Arngrímsson varaformaður, Jón Gunnar Hannesson ritari, Jörundur Kristinsson gjaldkeri og Ebba Margrét Magnúsdóttir meðstjórnandi. Áheyrnarfulltrúi Félags almennra lækna er Össur Ingi Emilsson.

Stjórn LÍ

Þorbjörn Jónsson, *formaður*
Valgerður Á. Rúnarsdóttir, *varaformaður*
Magnús Baldvinsson, *gjaldkeri*
Anna K. Jóhannsdóttir, *ritari*
Árdís Björk Ármannsdóttir
Orri Þór Ormarsson
Salome Ásta Arnardóttir
Steinn Jónsson
Þórey Steinarsdóttir

Í pistlum Úr penna stjórnarmanna LÍ birta þeir sínar eigin skoðanir en ekki félagsins.